

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi tillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að setja af stað starfshóp sem hafi það verkefni að móta tillögur til að auka öryggi barna í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Starfshópurinn skoði í vinnu sinni þá öryggisferla sem eru til staðar í dag og geri tillögu að samræmdum ferlum. Kannaðir verði m.a. kostir þess að nýta öryggismyndavélar í auknum mæli við starfsstöðvar, merkingar starfsfólks og hafa strangari aðgangsstýringar. Jafnframt verði skoðaður þáttur forvarna og fræðslu varðandi öryggismál til barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn hafi samráð við Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar í vinnu sinni. Tillögur starfshóps verði lagðar fyrir skóla- og frístundaráð eigi síðar en 1. febrúar 2020.

Greinargerð:

Könnuð hefur verið staða öryggismála hjá starfseiningum skóla- og frístundasviðs og er gerð grein fyrir henni í meðfylgjandi minnisblaði. Stjórnendur leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs hafa lagt fram ýmsar tillögur til úrbóta til að auka öryggi barna í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi. Lagt er til að starfshópurinn nýti þær upplýsingar og tillögur í starfi sínu auk annarra upplýsinga sem hópurinn aflar í starfi sínu t.d. um þátt forvarna og fræðslu varðandi öryggismál barna, ungmenna og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi. Starfshópurinn skal hafa samráð við Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar en hjá henni er vettvangur samráðs borgarfulltrúa og sérfræðinga á sviði ofbeldisvarna og er nefndin virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Ofbeldisvarnarnefnd er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar með viðfangsefnum sínum, ráðgjöf og tillögum að upplýstri umræðu um ofbeldi á öllum sviðum borgarinnar og öruggara borgarsamfélagi. Í vinnu sinni skal starfshópurinn tryggja að tillögurnar séu í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga, önnur lög sem varða starfsemi skóla- og frístundasviðs og stefnur borgarinnar. Lögð er áhersla á að starfshópurinn skili kostnaðarmetnum tillögum til skóla- og frístundaráðs eigi síðar en 1. febrúar 2020. Hópnunum verði heimilt að skila tillögum um einstök atriði fyrir ef þörf verður talin á því.